

## GJALDSKRÁ

### Norðurorku fyrir heitt vatn.

#### 1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot heitavatnsins skal greiða (allar veitur nema Ólafsfjörður og Reykjaveita):

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð kr. 93

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar, áætla veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimplögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

B. Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

<i>Mælir</i>	<i>Grunnverð kr./dag</i>
15 mm	51,94
20 mm	111,33
25 mm	215,23
32 mm	415,62
40 mm	846,09
50 mm	1.632,80

*Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjaveita):*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	280.394
25 mm heimæð	364.509
32 mm heimæð	492.088
40 mm heimæð	688.925
50 mm heimæð	998.939
65 mm heimæð	1.498.410
80 mm heimæð	2.322.537

Tengigrind kr. 41.551

Tengigrind er ekki innifalin í heimæðagjaldi.

Ef heimplagnagjald stendur ekki undir kostnaði í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

*Lengdargjald:*

1. Lengdargjald í dreifbýli er kr./metri 3.639. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 20 metrum.
2. Lengdargjald í þéttbýli er kr./metri 6.470. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Í sumarbústaði/frístundahús skal settur skápur á útvegg fyrir heimlögn.

Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús og sambærileg hús er fast gjald og minnsta notkun á heitu vatni er 300 m<sup>3</sup>.

*Bráðabirgðaheimæðar:*

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm	35.196
25 mm	35.196
32 mm	35.196

*Lengdargjald*

20 mm kr./m	4.902
25 mm kr./m	4.902
32 mm kr./m	4.902

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar.

Ef bráðabirgðaheimæð verður síðar notuð sem aðalheimæð fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald.

Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

*Ólafsfjörður.*

Fast gjald, tengigrind og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.285,28.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 56,64.

5. gr.

*Reykjaveita.*

Fast gjald og tengigrind er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðuroku.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 124,19.

*Heimæðagjald.**Grenivík:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	382.318
25 mm heimæð	497.013
32 mm heimæð	670.967
40 mm heimæð	939.354
50 mm heimæð	1.361.912
65 mm heimæð	2.042.868

*Dreifbýli:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	504.429
25 mm heimæð	655.758
32 mm heimæð	885.274
40 mm heimæð	1.239.383

## 4. gr.

Innheimtugjald er samkvæmt gjaldskrá Intrum.

	kr.
Lokunargjald	2.184
Mælaálestrargjald	1.529
Seðilgjald	161
Afgreiðslugjald á vinnutíma	3.411
Afgreiðslugjald utan vinnutíma	14.779

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1164, 23. desember 2005, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 2008.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðjón Axel Guðjónsson.*